Framleiðsluleyfi fyrir sérmarkaði

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Umsókn móttekin	Umsókn stofnuð í málakerfi	1.Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn um framleiðsluleyfi fyrir erlenda sérmarkaði í Þjónustugátt MAST. Þegar umsækjandi velur aðgerðina „senda“ er mál stofnað í sjálfkrafa í málakerfi MAST, undir skráðum viðskiptavini. Heiti málsins verður ,,Framleiðsluleyfi fyrir erlenda sérmarkaði - fiskur“ eða ef við á „Framleiðsluleyfi fyrir erlenda sérmarkaði - kjöt“. Þjónustugátt sendir staðfestingu á móttöku umsóknar á starfsmann sem er ábyrgðarmaður málsins.
2. Umsókn metin	(Viðbótargögn)	2. Starfsmaður fer yfir umsóknina og óskar eftir frekari gögnum sé þess þörf. Viðbótargögn eru vistuð undir viðkomandi máli.
3. Umsókn send til yfirvalda í viðkomandi ríki	Bréf til markaðssvæðis	3. Starfsmaður útbýr umsókn og sendir hana til yfirvalda í viðkomandi markaðssvæði, samkvæmt leiðbeiningum vegna viðkomandi markaðssvæðis, sjá allar leiðbeiningar í lista LST-023.
4. Tilkynning um afgreiðslu umsóknar	Tölvupóstur	4. Starfsmaður tilkynnir umsækjanda um afgreiðslu umsóknar. Hafi fyrirtækið verið samþykkt á lista yfir fyrirtæki sem hafa leyfi til útflutnings á viðkomandi sérmarkað, sér hann um að bæta fyrirtækinu á listann yfir sérmarkaði á heimasíðu MAST undir samþykktar starfsstöðvar.